

## Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu fólks til hlutverks stjórnálflokka í tilteknum málaflokkum

Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

Dagsetning: 16. apríl 2009


**Meirihluti telur annan hvorn núverandi stjórnálflokka best til þess fallinn að leiða helstu málaflokka á næstu mánuðum.**

**Vinstri grænir leiði rannsókn á tildrögum bankahrunsins.**

**Flestir vilja að Sjálfstæðisflokkurinn leiði efnahags- og skattamál**

MMR kannaði afstöðu fólks til þess hvaða stjórnálflokka það teldi best til þess fallna að leiða þrettán málaflokka sem stjórnvöld þurfa eða gætu þurft að fást á við á næstu mánuðum.

Hvaða stjórnálflokkur væri best til þess fallinn að leiða hvern málaflokk?



\* Á myndinni er til samanburðar sýnd mæling á fylgi flokkanna úr sömu könnun.

Spurt var: Eftirfarandi eru nokkrir málaflokkar sem stjórnvöld þurfa eða gætu þurft að fást við á næstu mánuðum. Hvaða stjórnálflokkur, af eftirfarandi, telur þú að væri best til þess fallinn að leiða hvern málaflokk? Svarmöguleikar voru:

Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylkingin, Vinstri grænir og aðrir flokkar.

Samtals tóku 78% afstöðu til spurningarinnar.

Í könnuninni kom í ljós að áberandi margir, eða 45,5%, töldu Vinstri græna best til þess fallna að leiða rannsókn á tildrögum bankahrunsins. Vinstri grænir voru jafnframt taldir best til þess fallnir, af flestum, að fara með umhverfismál (44,3%), nýtingu náttúruauðlinda (35,9%), mennta- og skólamál (34,8%), heilbrigðismál (32,4%) og samninga við Breta um Icesave skuldbindingar (31,9%).

Flestir töldu Samfylkinguna best til þess fallna að leiða samninga um aðild að Evrópusambandinu (41%), atvinnuleysi (35,3%) og innflytjendamál (28,4%).

Aftur á móti er Sjálfstæðisflokkurinn af flestum talinn best til þess fallinn að fara með lög og reglu almennt (34,5%), efnahagsmál almennt (34,3%), skattamál (34,2%) og endurreisn atvinnulífsins (34,0%).

Að samanlögðu taldi meirihluti svarenda að annar hvor núverandi stjórnarflokkanna væri best til þess fallinn að leiða alla málaflokkana sem mældir voru. Sá málaflokkur sem fæstir sögðu annan hvorn stjórnarflokkanna best til þess fallin að leiða var „endurreisn atvinnulífsins“ – en þar nefndu 18,8% Vinstri græna og 32,7% Samfylkinguna eða samanlagt 51,5%

Áhugavert er að bera þessar niðurstöður saman við fylgi flokkanna sem einnig var mælt í sömu könnun. Þá kemur t.d. í ljós að einungis 17,4% segjast telja Sjálfstæðisflokkinn best til þess fallinn að fara með rannsókn á tildrögum bankahrunsins sem er nokkuð undir þeim fjölda sem segist myndi kjósa flokkinn (eða 28,8%). Þetta er ekki síst athyglisvert í ljósi þess að 34,5% sögðust treysta flokknum best til að fara með „lög og reglu almennt“.

Tekið skal fram að meirihluti gagnaöflunar vegna könnunarinnar átti sér stað dagana 6-7 apríl (áður en fregnir bárust af styrkjámálum stjórnarmálaflokkanna).

**Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr þjóðskrá

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 876 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 6.-14. apríl 2009 (85% gagnaöflunar átti sér stað dagana 6-7. apríl)

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.